



**121. fundur Umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlapings
haldinn í fjarfundi, mánudaginn 1. júlí 2024
og hófst hann kl. 08:30**

Fundinn sátu:

Jónína Brynjólfsdóttir formaður, Þórhallur Borgarson varaformaður, Björgvin Stefán Pétursson aðalmaður, Ásdís Hafrún Benediktsdóttir aðalmaður, Eiður Gísli Guðmundsson aðalmaður, Ásrún Mjöll Stefánsdóttir aðalmaður, Pétur Heimisson aðalmaður, Hannes Karl Hilmarsson áheyrnarfulltrúi, Hugrún Hjálmarsdóttir framkvæmda- og umhverfismálastjóri, Sóley Valdimarsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála og Sigurður Jónsson skipulagsfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Sóley Valdimarsdóttir, verkefnastjóri skipulagsmála

Sigurður Jónsson, skipulagsfulltrúi, sat fundinn undir liðum nr.1-7.

Dagskrá:

1. 202208083 - Aðalskipulag Múlapings 2025-2045

Umræðu frá síðasta fundi áframhaldið.

Fyrir liggja drög að vinnslutillögu greinargerðar aðalskipulags þar sem bætt hefur verið við umfjöllun um atvinnulíf. Jafnframt er tekin til umræðu þróun íbúðasvæða auk verslunar- og þjónustusvæða í þéttbýli.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð felur skipulagsfulltrúa að vinna áfram að málinu í samræmi við umræður á fundinum. Ráðið leggur áherslu á að vinnu byggðaráðs við gerð atvinnustefnu Múlapings verði hraðað sem kostur er svo stefnan geti nýst við stefnumótun aðalskipulags.

Samþykkt samhljóða.

2. 202106009 - Aðalskipulagsbreyting, Seyðisfjörður, Hafnarsvæði

Í upphafi máls nr. 2 vakti formaður (JB) máls á mögulegu vanhæfi sínu undir liðum 2 og 3 sem framkvæmdastjóri Tæknimínjasafns Austurlands og fól varaformanni (ÞB) stjórn fundarins. JB gerði grein fyrir vanhæfi sínu og bar ÞB upp tillögu til atkvæðagreiðslu. Vanhæfið var samþykkt samhljóða og vék formaður af fundi við umræðu og afgreiðslu beggja mála.

Vinnslutillaga fyrir breytingu á Aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030 vegna stækkunar á hafnarsvæði Seyðisfjarðar og nýju safnasvæði var kynnt í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með athugasemdafresti til 16. apríl 2024.

Fyrir liggja umsagnir sem bárust á kynningartíma og viðbrögð við þeim, auk uppfærðrar skipulagstillögu þar sem brugðist hefur verið við ábendingum.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir fyrirliggjandi skipulagstillögu og



leggur til við byggðaráð, sem fer með heimild til fullnaðarafgreiðslu mála í sumarleyfi sveitarstjórnar, að hún verði auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða.

3. **202106146 - Deiliskipulag, Seyðisfjörður, Hafnarsvæði**

Í upphafi máls nr. 2 vakti formaður (JB) máls á mögulegu vanhæfi sínu undir liðum 2 og 3 sem framkvæmdastjóri Tækniminjasafns Austurlands og fól varaformanni (PB) stjórn fundarins. JB gerði grein fyrir vanhæfi sínu og bar PB upp tillögu til atkvæðagreiðslu. Vanhæfið var samþykkt samhljóða og vék formaður af fundi við umræðu og afgreiðslu beggja mála.

Vinnslutillaga fyrir breytingu á gildandi deiliskipulagi Hafnarsvæðis, Fjarðarhafnar, Pálshúsreits og Öldunnar var kynnt í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með athugasemdafresti til 16. apríl 2024. Fyrir liggja umsagnir sem bárust á kynningartíma og viðbrögð við þeim, auk uppfærðrar skipulagstillögu þar sem brugðist hefur verið við ábendingum.

Málið er áfram í vinnslu.

4. **202111169 - Deiliskipulag, Jökuldalur, Klaustursel**

Fyrir liggur uppfærð skipulagstillaga að nýju deiliskipulagi í landi Klaustursels á Jökuldal. Brugðist hefur verið við athugasemdum Skipulagsstofnunar.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir fyrirbyggjandi skipulagstillögu og leggur til við heimastjórn Fljótisdalshéraðs að hún verði auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða.

Fulltrúar V-lista (PH og ÁMS) lögðu fram eftirfarandi bókun:

Þar sem Stuðlafoss er á náttúruminjaskrá þarf að gæta sérstakrar varúðar við framkvæmdir í og við fossinn sbr. kafla 5.3 um minja- og verndarsvæði í greinargerð deiliskipulagsins.

5. **202406165 - Deiliskipulagsbreyting, Ný aðveitustöð á Hryggstekk í Skriðdal**

Fyrir liggur erindi frá Verkís, fyrir hönd Landsnets, þar sem óskað er eftir heimild til breytinga á deiliskipulagi Fljótisdalslínu 3 og 4 í Skriðdal vegna byggingu nýrrar aðveitustöðvar. Jafnframt liggur fyrir tillaga frá Verkís að breytingu á skipulaginu.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að fyrirbyggjandi vinnslutillaga verði kynnt í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar málinu til afgreiðslu hjá heimastjórn Fljótisdalshéraðs.

Samþykkt samhljóða.



6. 202208140 - Deiliskipulag miðbæjar á Djúpavogi

Fyrir liggur bókun frá heimastjórn Djúpavogs þar sem ítrekaðar eru fyrri bókanir um að ráðist verði í vinnu við deiliskipulag í miðbæ Djúpavogs án tafar með það að markmiði að laga aðstöðu fyrir íbúa og gesti.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Það er mat umhverfis- og framkvæmdaráðs að betur fari á því að klára vinnu við gerð nýs aðalskipulags Múlaþings þar sem horft verður til þeirra ábendinga sem fram hafa komið um miðbæjarsvæði Djúpavogs, áður en hafist verður handa við gerð nýs deiliskipulags svæðisins.

Samþykkt samhljóða.

7. 202406067 - Umsókn um framkvæmdaleyfi, Vatnsból og lagnir, Búlandsá Teigarhorn

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur umsókn um framkvæmdaleyfi frá HEF veitum ehf. vegna fyrirhugaðra framkvæmda við virkjun nýs vatnsbóls við Búlandsá ásamt tilheyrandi lagnaframkvæmdum.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Samþykkt samhljóða.

8. 202402192 - Fiskeldissjóður, umsóknir 2024

Fyrir liggja upplýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir við slökkvistöðina á Djúpavogi; verklýsing, kostnaðaráætlun og áfangaskipting.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð felur framkvæmda- og umhverfismálastjóra að hefja viðgerðir á slökkvistöðinni í samræmi við fyrirbyggjandi gögn.

Samþykkt með 6 atkvæðum, 1 (ÁHB) sat hjá.

9. 202406108 - Skipulögð geymslusvæði, reglur og leigusamningur

Frestað til næsta fundar.

10. 202010547 - Gamla ríkið á Seyðisfirði

Fyrir liggur að taka til umræðu stöðu verkefnisins í heild.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð felur framkvæmda- og umhverfismálastjóra að eiga samskipti við aðila samnings um Gamla ríkið og kanna möguleikana á því að fá aðra eða fleiri aðila að verkefninu.

Samþykkt samhljóða.



11. 202309071 - Hleðslustöðvar í Múlapingi

Frestað til næsta fundar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:36

